

Haustfundur Odda 1.október 2019

Starfsmenn Heklukots vetur 2019-2020

1 x 100 % starfandi leikskólastjóri

1 x 100 % deildarstjóri leikskóla II

1 x 100 % leikskólakennari

1 x 83 % leikskólakennari

1 x 100 % íþróttakennari

3 x 100 % ófaglærðir deildarstjórar - a) leikskólaliði og er í leikskólakennaranámi frá HA

b) með B.S háskólagráðu

c) leikskólaliði og stuðningsfulltrúi, er einnig með verkefnastjórn yfir útikennslu og grænfánavinnu

1 x 100 % stuðningur með einu barni

1 x 100 % matráður í eldhúsi

1 x 50 % matráður í eldhúsi – á elstu deild

1 x 50 % starfsmaður á deild – á elstu deild

4 x 25 % ræsting = 1 stöðugildi ræsting

14 x 100% starfsmenn í leikskóla

2 x 75 % starfsmenn í leikskóla, annar þeirra er í námi í HA í sálfræði, áætluð útskrift vor 2021

1 x 100 % starfsmaður í leikskóla í námi í HA í uppeldis-og menntunarfræðum

6 x 100 % starfsmenn í fæðingarorlofi

28,33 stöðugildi

Starfsfólkið á Heklukoti kemur frá 10 löndum – Ísland, Spánn, Danmörk, Portúgal, Brasilía, Lettland, Litháen, Frakkland, Thailand og Pólland

Tveir starfsmenn eiga eftir að koma inn úr veikindaleyfi

Tveir starfsmenn eiga eftir að hefja störf

- Lágmarks endur/símenntun í Heklukoti eru 18 kennslustundir á skólaárinu. (1 kennslustund er 40 mín.)
- Allir starfsmenn endur/símennta sig á Haustþingi leikskóla sem verður á Hótel Selfossi 4. október nk. Þar er öllum boðið að hlýða á fyrirlestra fyrir og eftir hádegi. 7 fyrirlestrar eru í boði fyrir hádegi og einn sameiginlegur eftir hádegi og velur hver og einn starfsmaður

fyrir sig. Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu er einnig með framboð af námskeiðum og fyrirlestrum yfir allt skólaárið sem eru í boði fyrir starfsmenn okkar. Planið er gert opinbert í byrjun september og í byrjun janúar og skráir starfsfólk sig jafn óðum og námskeiðin/fyrirlestrarnir nálgast.

- Einnig hefur skólaþjónusta Árneshöfnar boðið okkur að nýta þeirra fræðslufundi og námskeið ef áhugi hefur verið fyrir hendi. Planið er gert opinbert í byrjun september og í byrjun janúar og skráir starfsfólk sig jafn óðum og námskeiðin/fyrirlestrarnir nálgast. Reyndar höfum við ekki fengið neitt plan frá þeim þetta haustið þannig að það gæti verið breytt fyrirkomulag. Það mun koma í ljós fljótlega. Síðan fer starfsfólk á hin og þessi námskeið/fyrirlestra sem fyrirtæki og stofnanir alls staðar á landinu eru að bjóða upp á. Starfsfólk skráir sig jafnóðum og námskeiðin/fyrirlestrarnir eru auglýstir en jafnframt þarf að biðja skólustjóra um leyfi til þátttöku í allri endumenntun þar sem þarf að skrá sig með stuttum fyrirvara.
- Báðir leikskólarnir í sveitarfélaginu hafa líka tekið sig saman og fengið til sín námskeið/fyrirlestra og/eða gert það á eigin spítur. Við Sigrún Björk ætlum að hafa sameiginlegt skyndihjálparnámskeið í vetur því það er orðið tímabært.
- Einnig vorum við með sameiginlegt námskeið í ágúst sem fjallaði um jákvæða sálfræði

Staðan er nokkuð góð hjá okkur í Heklukoti hvað varðar kennslutæki. Bæta þyrfti við nokkrum spjaldtölvum þar sem þeir eru notaðir mikið í útikennslu og við kennslu og stuðning barna með sérþarfir. Við höfum fengið að gjöf tvær ungbarnarólur sem stendur til að setja í garðinn hjá Hrafnakoti þar sem yngstu börnin koma til með að vera. Einnig væri gaman að geta keypt rennibraut og fleiri útileiktæki fyrir þau því það er ekki mikil örvun og áskoranir í sléttri lóð.

Á elstu deildinni, sem heitir Lundakot, (var áður Fannberg) er allt að verða tilbúið innandyra, einungis á eftir að setja þil á milli salerna hjá börnunum og fleiri hillur í einu rýminu. Á lóðinni er ekkert enn sem komið er, til stendur að setja sandkassa og rólur.

Opnun á Hrafnakoti hefur frestast vegna loftgæðamælinga sem foreldrar fóru fram á á foreldrafundi sem haldin var þann 12. september síðastliðinn. Nú hefur sú mæling farið fram og kom hún vel út. Áætluð opnun var 7. október en því mun seinka örlítið þar sem fyrst þarf að „æfa“ börnin sem fyrir eru á Lókoti úr árgangi 2018 í að vera á Hrafnakoti svo hægt sé að taka við nýjum börnum.

Starfið hefur farið vel af stað og góð stemmning í hópnum, fólk vinnur vel saman og er lausnamiðað í sínu starfi ;)